



Reykjavík, 9. júlí 2014

## **Samkomulag um sátt vegna brots Marel hf. á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti**

Hinn 30. apríl 2014 gerðu Fjármálaeftirlitið og Marel hf. með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots félagsins á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Marel hf. (málsaðili) viðurkennir að hafa brotið gegn upplýsingaskyldu 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa ekki birt tafarlaust innherjaupplýsingar, sem málsaðili hafði áður frestað birtingu á, þegar honum varð ljóst að trúnaður um efni þeirra var ekki lengur tryggður.

Málsaðili fellst á að greiða sátt að fjárhæð 3.300.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

### **Málsatvik**

Hinn 30. október 2013 tilkynnti málsaðili Fjármálaeftirlitinu um að tekin hefði verið ákvörðun um frestun á birtingu innherjaupplýsinga. Hinn 1. nóvember 2013, um kl. 13:20, varð málsaðila ljóst að trúnaður um umræddar innherjaupplýsingar var ekki lengur tryggður. Sama dag, kl. 15:25, var birt tilkynning með umræddum upplýsingum. Liðu því um 125 mínútur frá því að málsaðila varð ljóst að skilyrði frestunar á birtingu innherjaupplýsinga voru ekki lengur til staðar þar til upplýsingarnar voru gerðar opinberar í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl. Málsaðili hafði samband við Nasdaq OMX Iceland hf. (Kauphöllin) kl. 13:47 og óskaði eftir að viðskipti með hlutabréf í félaginu yrðu stöðvuð tímabundið.

### **Lagagrundvöllur**

Samkvæmt 1. mgr. 122. gr. vvl. ber útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu innherjaupplýsinga og ber honum þá að uppfylla kröfur 4. mgr. 122. gr. vvl., 6. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik og 12. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Skal útgefandi m.a. tryggja trúnað um þær innherjaupplýsingar sem frestað er birtingu á og gera ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausri birtingu upplýsinganna.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Brot á 122. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. tölul. 1. mgr. 141. gr. laganna, og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 122. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

### Ákvörðun sáttarfjárhæðar

Fjárhæð sáttar er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að afsláttur sé veittur af þeirri heildarfjárhæð sem ætla má að stjórnvaldssekt gæti numið að teknu tilliti til þyngingar- og mildunarsjónarmiða en við mat á afslætti skal litið til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar sátt er náð.

Við ákvörðun sáttarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að upplýsingaskylda útgefanda samkvæmt 122. gr. vvl. er ein af grundvallarstoðum heilbrigðs og virks fjármálamarkaðar en reglum um meðferð innherjaupplýsinga er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbréfavíðskiptum. Um leið og útgefendur fjármálagerninga taka ákvörðun um að óska eftir að fjármálagerningar verði teknir til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, gangast þeir undir ákveðnar skyldur sem slíkir. Ein af þeim skyldum er upplýsingaskyldan samkvæmt 122. gr. vvl.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að málsaðili er einn af stærri útgefendum hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, miðað við heildarveltu á því tímabili sem brotið átti sér stað. Ennfremur hefur verið tekið mið af samstarfsvilja málsaðila og því að um ítrekað brot var að ræða.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots og atvikum máls að öðru leyti er sáttarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 3.300.000 krónur.

### Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sáttarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sáttarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt,  
sbr. 45. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl.